

Nel. 24 Sept. 138.

## Íslenskir Íþróttamenn í Útlöndum

### I.

Forngrikkir eru, eins og kunnugt er, mesta íþróttabjóðin sem sögur fara af, og virðist ástæða til að ætla, að um sumu hluti komist jafnvel hinir fremstu íþróttamenn nútímans ekki til jafns við „abletana“ grísku. Það er því fróðlegt að veita því eftirtekt, hvað Grikkjum virtist nauðsynlegur undirbúningur undir þátttöku í olympísku kappmótunum. Enginn fjekk að reyna sig, nema hann hefði verið æður áður mánaðartíma í sjálfu hjerðinu, þar sem leikirnir fóru fram. Sbr. æfisögu heimspekingsins Appollóníuss eftir Filostratus, 5. bók, 43. kafli. Það virðist nú ekki ólíklegt, að eins mánaðar undirbúningsþjálfun hefði verið talin ónóg, ef íþróttamennirnir hefðu ekki átt að keppa í heimalandi sínu, heldur erlendis við allar ástæður breyttar.

### II.

Það mundi vafalaust verða Íslendingum bæði til gagns og sóma, ef hjá jafni örsmárri þjóð væru til íþróttameun, sem með góðum árangri gætu reynt sig við kapp stórbjóðanna í þeim efnum, og tel jeg mjög líklegt, að svo gæti orðið, ef að öllu væri rjett farið. Virðast sundmennirnir, sem nú síðast fóru utan, hafa staðið sig furðu vel, þegar þess er gætt, hversu mjög skorti á að svo væri gert. Virðist ekki ólíklegt, að nokkuru hefði munar, ef þeir hefðu átt þess kost að sfa sig í Lundúnum undir umsjá Jóns Pálssonar t. d. 2 mánuði áður en sundkeppnin fór fram. Einnþá meiri ástæða væri þó til að gæta þessa atriðis, sem Forngrikkir höfðu svo góðan skilning á, ef um gang eða hlaup væri að ræða, sakir þess, hversu illar ástæður eru hjér til að sfa þær íþróttir (sbr. fróðlega grein um það eftir hlaupagarpinn Magnús Guðbjörnsson). Þú einmitt í þeim íþróttum hegg jeg að Íslendingar gætu komist langt, ef ástæður til þjálfunar væru betri. Kemur mjer í hug í þessu sambandi íþróttamaður, sem jeg er dálítið kunnugur, Haukur Einarsson. Virðist mjer Haukur bæði sakir hugarfars og líkamlegra skilyrða mjög líklegur til að geta vakið eftirtekt jafnvel á heimsleikmóti, af hann ætti þeirrar þjálfunar kost, sem skyldi.

16. sept.

Helgi Pjeturs.